

# Stjórnarfundur FEB nr. 520 þriðjudaginn 3. febrúar 2026

kl. 14:00 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

**Mættir aðalmenn:** Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Kristinn Eiríksson og Guðrún Bergmann.

**Mættir varamenn:** Sigrún Unnsteinsdóttir og Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir

**Fjarverandi:** Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, Kristján Guðmundsson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Bjarni Bjarnason.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Á fundinn mættu sem gestir undir lið 1, þau Heiðar Þór Karlsson og Laufey Ebba Eðvarðsdóttir, starfsmenn Deloitte og yfirgáfu þau fundinn að þeim lið loknum.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

## 1. Ársreikningur FEB 2025

Endurskoðandi FEB Heiðar Þór Karlsson hjá Deloitte ehf fór yfir ársreikning FEB 2025 og svaraði fyrirspurnum.

## 2. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð

## 3. Staða erindis hjá Umboðsmanni Alþingis (UA)

Umboðsmaður Alþingis ritaði innviðaráðherra bréf þann 23. janúar 2026, þar sem UA óskar eftir að ráðherra lýsi afstöðu sinni til kvörtunar FEB til UA er varðar afgreiðslu innviðaráðuneytisins á erindi FEB til ráðuneytisins sent 12. nóvember 2024. UA óskar eftir svörum frá ráðherra eigi síðar en 13. febrúar 2026.

## 4. Umræða í öðrum norrænum ríkjum um ofbeldi gagnavart eldra fólki,

Farið var yfir samantekt Gunnlaugs A. Júlíussonar um á hvern hátt umræða um ofbeldi gagnvart eldra fólki hefur verið í öðrum norrænum ríkjum eða í Danmörku, Svíþjóð og Noregi, á undanförunum árum. Þessi samantekt kemur í kjölfar málþings um ofbeldi geng eldra fólki sem haldið var að LEB í október 2025, en FEB vill halda þessu málefni á lofti og gera sitt til að stoppa þessa slæmu þróun.

## 5. Dagsetning aðalfundar og undirbúningur

Framkvæmdastjóri fór yfir ýmis atriði sem varða undirbúning aðalfundar.

- Dagsetning:** Fundurinn verður haldinn miðvikudagurinn 25. febrúar kl. 14:00, eins og áður hefur komið fram.
- Fundarstaður:** Fundurinn verður haldinn í sal FEB, nema ef aðsókn virðist ætla að verða meiri en húsrúm leyfir. Búið er að taka frá stærri sal og fundurinn verður þá fluttur þangað ef nauðsyn krefur.
- Fundarstjóri:** Afgreitt.
- Ritari:** Verður ritari stjórnar FEB
- Uppstillingarnefnd:** Er að störfum og hefur auglýst eftir framboðum.
- Kjörnefnd:** Hana er búið að skipa en hún tekur ekki til starfa strax.

- **Ályktanir:** Afgreiða þarf þennan lið sem allra fyrst, formaður mun taka áfram.
- **Árgjald FEB 2026.** Stjórn samþykkti að leggja fyrir aðalfund FEB tillögu að hækkun árgjalds um 200 kr.

## 6. Önnur mál

### 1. Húsbyggingasjóður Aldarmótakynnslóðarinnar.

Stjórnin telur ekki hægt að taka ákvörðun að svo komnu máli. Boltinn er hjá þriðja aðila og verður erindið ekki tekið fyrir aftur fyrr en að þriðji aðili hefur lokið afgreiðslu sinni.

### 2. 40 ára afmæli FEB 15. mars 2026

Félagstíðindi eru tileinkuð 40 ára afmæli FEB. í vinnslu er að hafa opið hús í ca. 2 klst. á afmælisdegi félagsins.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:00

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar.

*Guðrún Ósk Jakobsdóttir*  
GUÐRÚN ÓSK JAKOBSDÓTTIR  
*Prinsían Bergmann*  
PRINSÍAN BERGMANN  
*Guðrún Bergmann*  
GUÐRÚN BERGMANN